

Stjórn Úrvinnslusjóðs

372. stjórnarfundur, mánudaginn 23. júní 2025 – kl. 09.00– 11:00

TEAMS

DAGSKRÁ samkvæmt fundarboði

A. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (90 mín)

1. Tillögur að breytingum á lögum nr. 162/2002
2. Tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda
3. Framtíðarskuldbindingar Úrvinnslusjóðs
4. Erindi frá Sorpu um endurgreiðslu kostnaðar vegna drykkjarferna (mál 2025-06-03-1049)

B. Til kynningar (10 mín)

5. Kynning á stöðu vörflokksins Viðarumbúðir

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG), til kl. 10:50
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Líf Magneudóttir (LM)
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ), frá kl. 10:50

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Gunnlaug Einarsdóttir (GE),
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Stjórn samþykkti að senda URN tillögur að lagabreytingum sbr. bókun í fundargerð.
2. Stjórn samþykkti að senda URN tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda sbr. bókun í fundargerð.
3. Stjórn samþykkti að synja kröfu Sorpu um greiðslur vegna aukins kostnaðar við meðhöndlun pappírs vegna drykkjarumbúða árið 2023 og 2024.

FUNDARGERÐ

A. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu

1. Tillögur að breytingum á lögum nr. 162/2002

GE tók sæti á fundinum og gerði grein fyrir tillögum skrifstofu Úrvinnslusjóðs að breytingum á lögum um úrvinnslugjald, sbr. minnisblað F372 D01. Umræður um einstaka greinar.

1. gr. Orðalagsbreyting o.fl.: KMM lagði til að samþykkt yrði að benda URN á þörf á orðalagsbreytingu í samræmi við tillögu A en frestað að leggja fram tillögu skv. B-lið. Samþykkt samhljóða.

3. gr. Samræmisbreyting: Tillaga KMM um að URN verði bent á misræmi í orðalagi lagaákvæða var samþykkt samhljóða.

2. og 4. gr. Heyrúlluplast, þrepaskipting: KMM lagði til að tillagan verði send URN og þeim sjónarmiðum stjórnar verði jafnframt komið á framfæri að nauðsynlegt sé að ræða þrepaskiptingu, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga. 162/2002, heildstætt með tilliti til þess að hún verði framkvæmanleg í samræmi við vilja löggjafans, sbr. umræður fundarins. Samþykkt.

5. gr. Einnota rafrettur, leiðrétting: KMM lagði leið A fram til samþykktar. Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu. BSA lagði fram svohljóðandi bókun: Starfsemin hefur undirgengist miklar hækkanir á opinberum gjöldum sl. mánuði. Skiljanlegt er að leggja þurfi á úrvinnslugjald en í ljósi annarra hækkana er talið að það sé betur til þess fallið að hækka úrvinnslugjald í þrepum.

6. og 7. gr. Kælimiðlar: KMM lagði tillöguna fram til samþykktar eins og hún kemur fram í minnisblaðinu. Samþykkt samhljóða.

8. gr. Leiðréttingar og tilfærslur: KMM lagði tillöguna fram til samþykktar eins og hún kemur fram í minnisblaðinu. Samþykkt samhljóða.

2. Tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda

GE fór yfir tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda sbr. minnisblað F372 D02 og forsendur tillagnanna. Umræður og spurningar.

Liður 1, umbúðir úr pappír og pappa: KMM lagði til að stjórn samþykkti þá tillögu að úrvinnslugjald á umbúðir úr pappír og pappa verði óbreytt, sbr. A lið og að skrifstofu Úrvinnslusjóðs verði falið að vinna tillögur að breytingum á umbúðamódeli varðandi flutningsumbúðir. Samþykkt samhljóða.

Liður 2, olíu- og smurvörur: KMM lagði til að tillaga um hækkun úrvinnslugjalds úr 73 kr./kg í 88 kr./kg frá 1. 1. 2026 yrði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Liður 3, Halógeneruð leysiefni: KMM lagði til að tillaga um hækkun úrvinnslugjalds úr 260 kr./kg í 300 kr./kg frá 1. 1. 2026 yrði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Liður 4, Kvikasilfur: KMM lagði til að tillaga um óbreytt úrvinnslugjald, 900 kr./kg yrði samþykkt og vöruflokkurinn skoðaður aftur að ári. Samþykkt samhljóða.

GE vék af fundi.

KMM lagði til frestun á dagskrárliðum 3 og 5 og að dagskrárliður 4 yrði tekinn fyrir næst. Samþykkt.

3. Framtíðarskuldbindingar Úrvinnslusjóðs - Frestað

4. Erindi frá Sorpu um endurgreiðslu kostnaðar vegna drykkjarferna (mál 2025-06-03-1049)

JVG hafði lýst vanhæfi við meðferð dagskrárliðar 4 og vék af fundi. HBJ tók sæti í hans stað.

Málinu var frestað að beiðni stjórnarmanns á 370. fundi og frestað aftur með samþykkt á tillögu KMM á 371. fundi vegna tímaskorts. Lögfræðialit frá MAGNA lögmönnum liggur fyrir vegna málsins. KMM lagði til að stjórn standi við fyrri ákvörðun sína varðandi kröfu Sorpu og að skrifstofu sjóðsins verði falið að upplýsa Sorpu um ákvörðun stjórnar að synja kröfunni með vísun til lögfræðialitsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

B. Til kynningar

5. Kynning á stöðu vörflokksins Viðarumbúðir - Frestað

Fundi slitið kl. 11:00